

**Prófnefnd löggiltra endurskoðenda
Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum
Próf í endurskoðun og reikningsskilum – fyrri hluti
30. október 2020
kl. 9:00 – 16:00**

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.

Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.

Verkefni 1 – 50 mín.

Teymið þitt er að ljúka endurskoðun fyrir fyrirtækið Völuspá hf. og er um að ræða fyrsta árs endurskoðun. Fyrirtækið telst vera meðalstórt fyrirtæki samkvæmt lögum um ársreikninga. Í skýringum með ársreikningi kemur fram að félagið hafi á árinu 2017 fært skuldbindingu vegna sameiningar og skiptingar félaga til að standa straum af kostnaði við framtíðar fjárhagslega endurskipulagningu og stefnumótun félagsins sem þá var að hefjast. Félagið bætti við skuldbindinguna á árinu 2018 og kom það fram í endurskoðunarskýrslu fyrrum endurskoðanda að hann teldi leika vafa á réttmæti þess að færa skuldbindinguna til skuldar miðað við gildandi reikningsskilareglur og hafi lagt til að undið verði ofan af skuldbindingunni og hún færð til tekna. Stjórnendur töldu rétt að halda skuldbindingunni og samþykkti fyrri endurskoðandinn það með vísan til mikilvægismarka. Stjórnendur hafa á árinu 2019 fallist á rök fyrri endurskoðanda og telja rétt að færa skuldbindinguna til tekna. Á árinu 2019 voru 15 millj. kr. af 20 millj. kr. skuldbindingunni færðar til tekna en stjórnendur telja rétt að tekjufæra það sem eftir stendur af skuldbindingunni rólega næstu árin og rugla ekki reikningsskilin frekar með enn stærri tekjufærslu þetta árið. Hagnaður fyrir skatta var 136 millj. kr. og myndaðist einungis um 2,6% af tekjum félagsins frá áframhaldandi starfsemi.

Endurskoðunarteymið er sammála mati fyrri endurskoðanda og telur að ekki hafi verið forsendur til að færa upp skuldbindingu vegna væntanlegrar fjárhagslegrar endurskipulagningar á árunum 2017 og 2018. Miklar umræður verða í teyminu um mikilvægismörk og hvernig skuli greina frá skekkjunni á skekkjublaði (e. summary of misstatements). Sumir í teyminu telja jafnvel að skekkjan geti talist veruleg og ógni mikilvægismörkum. Þá er einnig rætt hvort leiðréttta þurfi reikningsskil fyrir ára. Mikilvægismörk félagsins hafa verið skilgreind sem 5% af hagnaði fyrir skatta.

Úrlausnarefni:

Gerðu grein fyrir með hvaða hætti ofangreindar aðstæður gætu haft áhrif á mikilvægismörk.

Gerið grein fyrir mismunandi aðferðum við mat á því hvort skekkjan teljist veruleg eða óveruleg og stillið upp skekkjublaði ef við á.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 2 – 40 mín.

Bræðsla hf. er fyrirtæki með 230 starfsmenn, veltu upp á 6,2 milljarða og eignir upp á 3,5 milljarða. Það telst stórnotandi raforku í skilningi raforkulaga.

Til að undirbúa ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2020, sem er gerður skv. IFRS, hafa meðal annars verið gerð drög að eftirfarandi kafla í skýrslu stjórnar.

Stjórnunarhættir

Stjórn félagsins hefur sett sér starfsreglur í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga, þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar gagnvart forstjóra. Í starfsreglum þessum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Hlutfall kynja í stjórn félagsins er þrír karlar (60%) og tvær konur (40%).

Ófjárhagslegar upplýsingar

Um Bræðslu hf.

Bræðsla hf. er hlutafélag sem stofnað var vorið 2000. Meginstarfsemi samstæðu Bræðslu hf. er framleiðsla og sala ýmissa íhluta gerðum úr málmum ásamt skyldum vörum og þjónustu til fyrirtækja víða um heim.

Umhverfismál

Stjórn og stjórnendur leggja mikla áherslu á umhverfismál í gegnum bæði daglegan rekstur sem og í rannsóknar- og þróunarvinnu. Stöðugt er unnið að því að þróa framleiðsluferla félagsins þannig að olfunotkun þess minnki.

Bræðsla hf. leggur mikla áherslu á flokkun og endurvinnslu. Allur úrgangur er flokkaður og það sem hægt er að endurvinna er sent í endurvinnslu.

Bræðsla hf. vinnur með viðskiptavinum sínum að endurvinnslu á málmum og íhlutum meðal annars með því að taka eldri íhluti í sundur og skilja að þau efni sem hægt er að endurvinna og koma þeim í endurvinnslu, en það sem ekki er hægt að endurvinna er urðað.

Unnið er að því að setja upp sameiginlega stefnu í þessum málum hjá öllum félögum innan samstæðu Bræðslu hf. Búið er við því að sú stefna liggja fyrir á árinu 2021.

Bræðsla hf. er einn af aðal stuðningsaðilum Bláa Hersins sem eru umhverfisverndarsamtök sem leggja áherslu á baráttuna við plastmengun í hafinu með hreinsunarstörfum, hvatningu og vitundarvakningu.

Starfsmannamál, mannaúður og öryggismál

Bræðsla hf. leggur áherslu á að félagið hafi á að skipa hæfu og heiðarlegu starfsfólki og að starfsfólki sé boðið upp á sem best starfsskilyrði. Bræðsla hf. vill í störfum sínum stuðla að því að reynsla og hæfileikar starfsfólks skapi félaginu, starfsmönnum og samfélaginu ávinning.

Bræðsla hf. hefur ekki óskað eftir jafnlaunavottun en mun gera það í samræmi við þau lög sem um það gilda. Félagið ætti að hafa öðlast vottun eigi síðar en 31. desember 2021. Þrátt fyrir að ekki sé búið að óska eftir jafnlaunavottun þá er vel hugað að þeim málefnum hjá félaginu og telja stjórnendur sig uppfylla þá stefnu að báðum kynjum séu greidd sömu laun fyrir sambærileg störf.

Annað

Bræðsla hf. virðir almenn mannréttindi og rétt allra til félagafrelsis og kjarasamninga. Bræðsla hf. leggur áherslu á að undirverktakar fari eftir gildandi lögum í landinu er varða starfsmenn sína.

Félagið hefur ekki sett sér skriflega viðmið um þessi málefni.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðureikningur Bræðslu hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2020, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þann 31. desember 2020. Jafnframt er það álit okkar að samstæðureikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Bræðslu hf. hafa í dag farið yfir samstæðureikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Áritun stjórnar og forstjóra

Jón Jónsson, stjórnarformaður

Anna Önnudóttir

Guðmundur Guðmundsson

Guðrún Guðrúnardóttir

Helgi Helgason

Sigrún Sigrúnardóttir, forstjóri

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að svara eftirfarandi og rökstyðja með vísan til viðeigandi ákvæða laga.

Með breytingum sem gerðar voru á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 í júní 2020 og gilda frá 1. janúar 2020 er m.a. gerð breyting á ákvæðum um skýrslu stjórnar. Telur þú að ofangreindur kafli úr skýrslu stjórnar um stjórnunarhætti, ófjárhagslegar upplýsingar og yfirlýsing stjórnar og forstjóra uppfylli kröfur ársreikningalaganna? Ef þú telur að einhverju sé ábótavant gerðu þá grein fyrir því.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 3 – 60 mín.

Undanfarið ár hefur verið mikið rætt um að auka skilvirkni í endurskoðun hjá endurskoðunarfyrirtækinu þar sem þú starfar. Á hluthafafundi í endurskoðunarfyrirtækinu var þetta tekið upp og markaðar stefnumótandi aðgerðir í átt að aukinni skilvirkni í endurskoðun án þess að það komi niður á gæðum endurskoðunarvinnunnar. Rætt var um hagnýtingu greiningartóla til notkunar í endurskoðun sem margir viðskiptavinir virðast vera ánægðir með. Einn hluthafinn benti einnig á að viðskiptavinir væru almennt mjög ánægðir með að endurskoðendur nýti sér sem endurskoðunargögn skýrslur og gögn sem stjórnendur noti dags daglega. Nefndi hann dæmi um fyrirtæki sem hann endurskoðaði og væri skráð á markaði. Í því fyrirtæki væri mikill metnaður í skýrslugjöf til stjórnar og framkvæmdastjórnar auk þess sem fyrirtækið væri með mjög öflugt upplýsingakerfi þar sem mikið væri af gagnlegum skýrslum og greiningum sem stjórnendur væru að nýta sér. Skýrslurnar væru margar staðlaðar en einnig hafi verið talsvert um að keypt hafi verið aðstoð frá hugbúnaðarhúsum við að búa til sérstakar skýrslur sem nýttust við rekstur fyrirtækisins. Miklar umræður sköpuðust á hluthafafundinum um kosti og galla þess að reiða sig á svona skýrslur en fundarmenn samþykktu að lokum að fela hluthafanum að skila minnisblaði til sviðsstjóra endurskoðunarviðs um kosti og galla þess að nýta skýrslur og gögn frá viðskiptavinum (e. information produced by the entity, IPE) í endurskoðunarvinnu.

Úrlausnarefni:

Taktu saman minnisblað til sviðsstjóra endurskoðunarviðs um kosti og galla þess að nýta skýrslur og önnur gögn frá viðskiptavinum í endurskoðunarvinnu. Í minnisblaðinu þarf að lágmarki eftirfarandi að koma fram:

- Hvenær geta endurskoðendur nýtt sér skýrslur og gögn (IPE) frá viðskiptavinum við gagnaendurskoðun og hvaða reglur gilda um slíkt í endurskoðunarstöðlum?
- Hvað ræður því hversu mikið vægi endurskoðun með IPE getur verið (e. assurance planned)?
- Hvaða þættir gætu haft áhrif á áreiðanleika IPE sem þyrfti að taka tillit til við endurskoðunina?
- Hvaða endurskoðunarfyrirmæli (e. audit procedures) væru viðeigandi ef endurskoðendur hagnýta sér IPE við gagnaendurskoðun? Nefndu dæmi.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 4 – 60 mín.

Þann 1. janúar 2019 fékk Krani ehf. lán hjá lánastofnun, sem ekki var viðskiptabanki félagsins. Lánið er jafngreiðslulán upp á 100 milljónir króna, til 5 ára. Afborganir og vextir eru greiddir einu sinni á ári, í lok árs. Vaxtakjör lánsins eru útlánavextir í áhættuflokki A-6 hjá lánastofnunninni, en þeir breytast einu sinni á ári, í upphafi árs. Vextir í áhættuflokki A-6 voru 10% í upphafi árs 2019. Lántökugjald lánastofnunarinnar var 5 milljónir króna og var dregið frá útborgun lánsins. Auk þess naut Krani ehf. aðstoðar Verðbréfamiðlunar ehf. við að finna hagstæðasta og besta lán sem völ var á en fyrir þá aðstoð greiddi Krani ehf. 2,5 milljónir króna.

Þann 1. janúar 2020 lækkuðu vextir lánsins í 8%.

Úrlausnarefni:

- A. Setjið upp þær færslur í bókhaldi Krana ehf. árið 2019 sem þarf að gera vegna þessarar lánatöku (20 mín.).**
- B. Setjið upp þær færslur í bókhaldi Krana ehf. árið 2020 sem þarf að gera vegna þessarar lánatöku (20 mín.).**

Þegar Krani ehf. tók lánið í byrjun árs 2019, þá bentu ráðgjafar þess hjá Verðbréfamiðlun ehf. á þann möguleika að fyrirtækið gerði afleiðusamning sem breytti breytilegu vöxtunum af láninu í fasta vexti.

- C. Hvert væri markmið Krana ehf. með því að gera afleiðusamning sem breytir breytilegu vöxtum lánsins í fasta? Í hvaða tilfellum væri það heppilegt og hvenær ekki? (5 mín.).**
- D. Ef Krani ehf. gerði afleiðusamning sem breytti breytilegu vöxtum lánsins í fasta, hvaða leiðir kæmu þá til greina við að bóka afleiðuna? Skiptir máli hvort félagið beiti lögum um ársreikninga eða alþjóðlega reikningsskilastaðla? (15 mín.).**

Svarið í excel og/eða word-svarskjali

Verkefni 5 – 120 mín.

Þú hefur nýverið tekið við endurskoðun á veitingahúsinu Matur og menning hf. (MM).

Leystu eftirfarandi út frá upplýsingum í fylgiskjali 1 (Helstu upplýsingar um fyrirtækið) og fylgiskjali 2 (Fyrstu drög að rekstrar- og efnahagsreikningi 2019).

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að:

- A. Framkvæma upphafsgreiningu (e. preliminary analytics) í tengslum við endurskoðun á ársreikningi 2019.**
- B. Ákvarða mikilvægismörk og skipulagningarmikilvægismörk (e. performance materiality).**
- C. Framkvæma áhættumat sem tengist endurskoðun á MM fyrir rekstrarárið 2019. Greindu frá því hvort þeir teljist vera lykiláhættuþættir (e. significant risk) eða verulegir áhættuþættir (e. risk of material misstatement).**
- D. Gera drög að endurskoðunarfyrirmælum (e. audit procedures) með tilvísun í staðhæfingar stjórnenda á lykiláhættuþáttum.**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem við á.

Svarið í í excel og/eða word-svarskjali

Verkefni 6 – 50 mín.

Alda hf. er fyrirtæki sem gerir upp skv. IFRS. Fyrirtækið hefur lokið gerð rekstrar- og efnahagsreiknings fyrir árið 2019 auk yfirlits yfir breytingar á eigin fé. Fyrirtækið á eftir að setja upp sjóðstreymi, og þar sem fjármálastjóranum finnst það leiðinlegt verk, þá leitar hann til þín sem sérfræðings í reikningshaldi.

Auk rekstrarreiknings, efnahagsreiknings og yfirlits um breytingar á eigin fé, sjá hér að neðan, eru gefnar eftirfarandi upplýsingar sem gætu skipt máli við gerð sjóðstreymis félagsins.

- 1) Afborganir af langtímalánum árið 2019 námu kr. 76.726.000. Gengið var frá samningi um nýtt lán hjá viðskiptabanka félagsins að fjárhæð kr. 75.000.000 til að fjármagna fjárfestingar félagsins. Útgreiðsla á láninu fylgir greiðslum fyrir fjárfestingarnar. Áfallinn gengismunur af láninu nam í árslok kr. 5.252.200.
- 2) Gerður var samningur í maí um fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að fjárhæð kr. 75.000.000. Greiðsla vegna fjárfestingarinnar greiðist á árunum 2019 og 2020. Greiðsla á árinu 2019 nam kr. 57.652.000.
- 3) Niðurfærsla birgða nam kr. 4.000.000.
- 4) Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna nam kr. 890.303 og söluverð varanlegra rekstrarfjármuna nam kr. 4.015.000.
- 5) Meðal skammtímaskulda er ógreiddur virðisaukaskattur af seldum fjárfestingum að fjárhæð kr. 963.600.
- 6) Kröfur á tengda aðila er fjármögnun móðurfélagsins á viðskiptum dótturfélaga.
- 7) Félagið gerir kröfur um að vinna næstu þriggja mánaða upp í samninga sé greidd fyrirfram inn á bundna bankareikninga.
- 8) Meðal viðskiptakrafna eru áfallnir vextir að fjárhæð kr. 624.315 (2018 kr. 408.110).
- 9) Meðal skammtímaskulda eru áfallnir ógreiddir dráttarvextir að fjárhæð kr. 102.394 (2018 kr. 56.468).

Rekstrarreikningur 2019

	2019	2018
Rekstrartekjur.....	482.794.686	433.625.584
	-	-
Framkvæmdakostnaður	384.173.846	353.346.618
Stjórnunarkostnaður	-32.863.747	-33.279.134
Afskriftir.....	-27.831.403	-27.386.244
Rekstrarhagnaður	37.925.690	19.613.589
Fjármunatekjur.....	7.913.132	5.539.723
Fjármagnsgjöld.....	-10.071.662	-7.863.504
Hrein fjármagnsgjöld	-2.158.530	-2.323.781
Áhrif dótturfélaga	20.153.481	7.143.500
Hagnaður fyrir skatta	55.920.641	24.433.308
Tekjuskattur.....	-7.186.601	-3.519.770
Hagnaður ársins	48.734.040	20.913.538

Yfirlit yfir heildarafkomu

	2019	2018
Hagnaður ársins	48.734.040	20.913.538
Önnur heildarafkoma:		
Þýðingarmunur erlendrar starfsemi	2.309.545	3.523.950
Samtals heildarafkoma ársins	51.043.585	24.437.488

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

EIGNIR	31/12 2019	31/12 2018
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir	143.868.697	117.172.797
Eignarhlutir í dótturfélögum	68.452.994	45.989.968
Frestaðar skattinneignir	2.162.317	9.287.483
	<u>214.484.008</u>	<u>172.450.248</u>
Veltufjármunir		
Vörubirgðir.....	65.188.174	71.396.896
Viðskiptakröfur.....	53.244.647	96.091.285
Kröfur á tengda aðila.....	47.061.044	62.463.149
Aðrar skammtímakröfur.....	1.392.556	1.346.436
Fyrirframgreidd vörukaup	699.517	0
Bundnar fyrirfram greiddar tekjur	22.840.311	30.720.985
Handbært fé.....	34.938.643	17.067.313
	<u>225.364.892</u>	<u>279.086.064</u>
Eignir samtals	<u>439.848.900</u>	<u>451.536.312</u>
EIGIÐ FÉ	31/12 2019	31/12 2018
Eigið fé og varasjóðir		
Hlutfé	20.109.133	20.368.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár	51.534.151	52.885.153
Lögbundinn varasjóður	6.666.667	6.666.667
Þýðingarmunur	76.182.722	73.873.177
Bundnar hlutdeildartekjur	80.371.352	58.960.842
Óráðstafað eigið fé	50.438.450	29.971.029
	<u>285.302.475</u>	<u>242.724.868</u>
SKULDIR		
Langtímaskuldir		
Lántökur	100.636.275	114.458.075
	<u>100.636.275</u>	<u>114.458.075</u>
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	21.688.130	36.231.560
Aðrar skammtímaskuldir	11.271.141	11.148.036
Fyrirfram innheimtar tekjur	12.311.366	37.885.299
Áfallnir vextir af lántökum	430.263	687.307
Næsta árs afborgun langtímaskulda	8.209.250	8.401.167
	<u>53.910.150</u>	<u>94.353.369</u>
Heildarskuldir	154.546.425	208.811.444
Eigið fé og skuldir samtals	<u>439.848.900</u>	<u>451.536.312</u>

Yfirlit um breytingar á eigin fé 2019

	Hlutfé	Yfirverð og varsjóðir	Þýðingar- munur	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1. janúar 2019	20.368.000	59.551.820	73.873.177	58.960.842	29.971.029	242.724.868
<i>Heildaraðkoma:</i>						
Hagnaður ársins					48.734.040	48.734.040
Fært á bundið eigið fé ...				21.410.510	-21.410.510	0
Þýðingarmunur			2.309.545			2.309.545
	20.368.000	59.551.820	76.182.722	80.371.352	57.294.559	293.768.453
<i>Eigendur:</i>						
Keypt eigin bréf	-258.867	-1.351.002				-1.609.869
Greiddur arður					-6.856.109	-6.856.109
	-258.867	-1.351.002	0	0	-6.856.109	-8.465.978
Staða 31. desember 2019	20.109.133	58.200.818	76.182.722	80.371.352	50.438.450	285.302.475

Úrlausnarefni:

Útbúið sjóðstreymisyfirlit árið 2019 fyrir Öldu hf. sem uppfyllir kröfur IFRS.

Svarið í excel-svarskjali

Verkefni 7 – 40 mín.

Þú ert endurskoðandi Cvid hf. sem er stórt alþjóðlegt framleiðslufyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi. Hlutabréf félagsins eru skráð í kauphöll. Félagið á 50 dótturfélög, 7 á Íslandi og 43 erlend félög.

Forstjóri félagsins leitar til þín með tvö verkefni sem hann telur rétt að þú vinnir fyrir fyrirtækið þar sem þau séu tengd endurskoðun og geti síðar nýst við endurskoðunina. Forstjórinn var búinn að tala við endurskoðunarnefndina og gaf nefndin honum samþykki til að ræða þessi verkefni við þig. Einu kröfurnar sem nefndin setti var að gerð yrðu sérstök ráðningarbréf vegna verkefnanna.

Gæðastjóri endurskoðunarstofunnar hafði frétt af þessum verkefnum og bað þig um að skoða sérstaklega vel allar reglur varðandi svona aukaverkefni, ekki síst allt sem snerti óhæði þitt sem endurskoðanda. Gæðastjórinn fer því fram á sérstaka umfjöllun í endurskoðunargögnunum þínum um þessi verkefni og mat þitt á því hvort þú getir tekið þau að þér og þá hugsanlega með hvers konar varúðarráðstöfunum.

Verkefni sem forstjórinn og endurskoðunarnefndin eru að fara fram á að þú vinnir eru:

- Verðmat á tveimur íslenskum félögum sem dótturfélag Cvid hf. hefur í hyggju að kaupa og væntir að muni geta tvöfaldað veltu dótturfélagsins.
- Vinna við áreiðanleikakönnun á fyrirhuguðum kaupum dótturfélags Cvid hf. á tveimur félögum. Um er að ræða fjárhagslega, skattalega og lögfræðilega áreiðanleikakönnun á félögunum.

Úrlausnarefni:

Gerðu drög að vinnublaði sem rökstyður ákvörðun þína um hvort þú getir tekið þessi verkefni að þér eða ekki.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali